

Áfrýja má úrskurði skattstjóra til félagsmálaráðherra innan 6 vikna frá því, að hlutaðeigandi gjaldanda var kunnugt um úrskurðinn.

Gjöld samkvæmt 19. gr. falla í gjalddaga á sama tíma og tekju- og eignarskattur, og má innheimta þau með lögtaki.

Innheimtu gjalda samkvæmt 19. gr. annast sömu aðilar og þeir, sem annast innheimtu tekju- og eignarskatts.

21. gr.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldu-sparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 25 000.00.

Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti opinberra mál.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1971.*

**Emil Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

um notkun heimildar í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun flutningsgjalds með flugvélum í tollverði vöru.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, sem hér segir:

Frá og með 1. febrúar 1971, skal lækka flutningsgjald í tollverði vöru um 50% frá raunverulegu flutningsgjaldi hverju sinni. Þó er lækkunarheimildin bundin við vöruflutninga til landsins í reglubundnu áætlunarflugi skv. tvíhliða loftferðasamningum. Enn fremur nær lækkunin eingöngu til flutningsgjalds þess hluta leiðarinnar, sem er eða getur verið samfelldur flutningur í þeirri flugvél, sem vöruna flytur til landsins. Það skilyrði er sett fyrir framangreindri lækkun, að vara sé tollafgreidd og tekin úr afgreiðslu flugfélaganna innan 15 daga frá komudegi flugvélarinnar til landsins.

Með gildistöku auglýsingar þessarar er felld úr gildi eldri auglýsing ráðuneytisins frá 21. júlí 1967.

*Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1971.*

**Magnús Jónsson.**

*Björn Hermannsson.*